Jóladagatal Bókasafns Hafnarfjarðar

hfj.is/hladvarp

Nafn: _____

Ártal: _____

Bókasafn Hafnarfjarðar

Lemúrar

Til eru 100 tegundir af lemúrum og búa þeir á eyjunni Madagaskar.

Lemúrar hafa verið til í tugmilljónir ára. Sá stærsti var yfir 200 kíló að þyngd, sá minnsti er ekki nema um 30 grömm.

Hvert af þessu er 30 grömm?



Bókasafn Hafnarfjarðar

Stafarugl

Raðaðu stöfunum á rétta staði til að finna orðin.

Þér er velkomið að lita mynd fyrir neðan!

R M L Ú E

S G R A K D A A M A

Ó A D L T A G L J A A

1. Lemur
2. Maðagaskar
3. Jólaðagatal

Bókasafn Hafnarfjarðar

Stafarugl

Bókasafn Hafnarfjarðar

Listaverk

Á Víðistaðatúni er gaman að leika sér, fara í lautarferð, heilsa umhverfinu og skoða listaverkin. Listaverk geta verið alls konar. Sumir nota málma, steypu eða við í sín verk. Aðrir málningu, túss, tréliti eða leir. Einnig er hægt að nota laufblöð, köngla og jafnvel endurnýta rusl!

Hvernig listaverk vilt þú gera?

Galdraþulur

Saga Íslands er stútfull af göldrum!

Til eru ástargaldrar, verndargaldrar peningagaldrar, álagaþulur, galdrastafir til ýmissa nota og margt annað.
Galdraþulur eru oft stuttar og ríma.
Getur þú samið þína galdraþulu? Hún má vera um hvað sem er (t.d. fleiri búningadaga eða lengri helgar...!)



Verndarstafurinn
Ægishjálmur

Hrafna-Flóki

Talið er að Hrafna-Flóki hafi verið með þeim fyrstu til að finna Ísland. Það á hann að hafa gert í kring um árið 860. Hann sendi hrafna sína þrjá að finna vænt land.

Sá fyrsti flaug aftur í þá átt sem hann kom úr, annar flaug upp í loft og til baka, og sá þriðji hingað til Hafnarfjarðar,- nánar tiltekið á Hvaleyrarholt. Þar lá dauður hvalur þegar Hrafna-Flóki kom að og heitir Hvaleyrarholt eftir því.

Hrafna-Flóka hefur verið gefinn heiðurinn af því að hafa nefnt Ísland.

Hversu margir hrafnar sjást hér?

_____

Þekkir þú hina fuglana?

_____ _____

_____

Bókasafn Hafnarfjarðar

Prófstur, svanur og ugla

Piparkökur

Flest okkar þekkja Lilla klifurmús og vini hans í Hálsaskógi- þá sérlega Hérastubb bakara, Bakaradrenginn og Mikka ref.
Þrátt fyrir einbeitingarskort og klaufalegheit í fyrstu tókst Bakaradrengnum að forða sér og Hérastubbi úr gini Mikka refs með því að hugsa hratt og út fyrir kassann!



Qvisten Animation, 2017

Bókasafn Hafnarfjarðar

Piparkökusöngurinn

Egner/Kristján frá Djúpalæk

Þegar _____ bakast
Kökugerðarmaður _____
Fyrst af öllu steikarpottinn
Og eitt _____ margarín.
Bræðir yfir _____ smjörið
En það næsta sem hann gjörir
Er að _____ kíló púður
Saman við það heillin mín.
Þegar _____ þessu er lokið
Hellast átta eggjarauður
Saman við og kíló _____
Hrærist oní pottinn vel.
Síðan á að _____ í þetta
Eina litla teskeið pipar.
Svo er þá að _____ deigið
_____ það svo út á fjöl.

Bókasafn Hafnarfjarðar

Piparkökur

Lausnir:

1) Piparkökur 2) Tekur 3) Kíló
4) Eldi 5) Hræra 6) Öllu
7) Hveiti 8) Setja 9) Hnoða
10) Breiða



Tengdu tölurnar í réttri röð og litaðu þína piparköku. Namm!

Bókasafn Hafnarfjarðar

Hestar

Íslenski hesturinn er sérstakur.
Hann hefur þróast hér á landi frá landnámi og bannað er að flytja inn nýjar tegundir.
Ef hestur fer úr landi má hann aldrei koma aftur.
Stærð hans, þol, geðslag og fimmta gangtegundin er meðal þess sem gerir hann svo einstakan og eftirsóttan um víða veröld.

www.horsesoficeland.is

Ef þú ættir hest, hvað myndir þú nefna hann?

_____

Bókasafn Hafnarfjarðar

Gleymdu börnin

Grýla og Leppalúði eru mjög, mjög hrifin af hvort öðru. Þau eiga mun fleiri börn en bara þessa tólf jólasveina sem kíkja í heimsókn til mannabarna og gefa í skóinn!
Alls er áætlað að systkinin séu um 80 talsins, Þar má m.a. finna Leiðindaskjóðu, Langlegg, Lána, Slána, Bólu, Völustakk, Loka og Poka.

Teiknaðu Grýlu, Leppalúða, börn þeirra og/eða Jólaköttinn.

Bókasafn Hafnarfjarðar

Stafafjör!

Hvað getum við notað til að koma skilaboðum áleiðis?
Við getum til dæmis notað hljóð, táknmál, ljósmerki, steina, prik, ritföng og okkur sjálf eins og Teitur og Táta.

Stafaðu nafnið þitt hér:

_____

Stafaðu nú nafnið þitt með líkamanum!
Þú getur beðið um aðstoð frá vin, notað gólfið, náttúruna eða hluti í rýminu til að fylla í eyðurnar.

Bókasafn Hafnarfjarðar

Jól og friður

Á jólunum eigum við að deila með öðrum, veita gleði og gjafir.
En hvað gerir jólin að jólunum? Eru það pakkarnir? Kakóbolli á kaffihúsi? Faðmlag? Kort?
Oft eru það litlu hlutirnir sem skipta máli.

Skrifaðu falleg orð eða teiknaðu mynd handa manneskju í lífi þínu sem þér þykir vænt um. Það getur verið bekkjarfélagi, kennari, systkini, húsvörðurinn eða hver sem þig langar að gleðja.

Bókasafn Hafnarfjarðar

Skák

Skák hefur verið tefld í óramörg ár.
Haldin eru mót og fylgir mikil frægð því að vera meistari í skák, enda margslunginn leikur þar sem þarf að hugsa mörg skref fram í tímann- bæði eigin skref sem og andstæðingsins.
Hinu íslenska hnefatafli svipar nokkuð til leiksins, þar sem inntakið er herkænska, en ekki spilað jafn víða.





Kóngur Drottning Hrókur Peð Riddari Biskup

Tengdu rétt heiti taflmanna við tákn þeirra.
Þér er velkomið að lita táknin

Bókasafn Hafnarfjarðar

Vinátta

Í gegn um lífið kynnumst við margs konar fólki. Sumir fylgja manni í skamman tíma, aðrir í langan. Af vinum sínum lærir maður margt. Maður lærir að leysa úr ágreiningi, samgleðjast og lærir á eigin persónuleika. Það er ómetanlegt að geta stólað á vini sína þegar reynir á, og einnig að geta fagnað gleðilegum áföngum með þeim.

Í þessu stafarugli leynast tveir málshættir sem tengjast vináttu.

Í

_ _ _ _

Norðurljós

Á Íslandi getum við séð norðurljósin oft á ári. Margt fólk ferðast sérstaklega til Íslands bara til að sjá norðurljós. Þau stafa af samskiptum segulsviða, sólvinda, raf-og róteinda. Meira má lesa um norðurljós á www.visindavefur.hi.is

Litaðu eða málaðu þín norðurljós. Mögulega villtu hlusta á finnska þjóðsögu um norðurljósin á meðan þú skapar?

https://hfj.is/nordurljos

Bókasafn Hafnarfjarðar

Jólin og þú

Flestir á Íslandi halda upp á jólin.
Sumir vegna trúarlegra ástæðna, sumir vegna hefðar.
Í margar aldir hefur verið haldið upp á endurkomu sólar um þetta leiti, sér í lagi á norðurslóðum þar sem vetur er langur.

Í jólalögum koma oft sömu orðin fyrir.
Nú býðst þér að semja þitt eigið jólalag útfrá því sem jólin snúast um fyrir þér.

Nokkur orð til að koma hugmyndaflæði af stað:

- *Kærleikur*
- *Notalegt*
- *Snjór*
- *Gleði*
- *Hjálpa*
- *Fagna*
- *Kuldi*
- *Hlýja*

Nokkrar hugmyndir að hljóðum og hljóðfærum:

- *Bjöllur*
- Gítar
- *Flauta*
- *Píanó*
- *Fata*
- *Gúmmíteygja*
- *Raddir*
- *Bumbusláttur*





Bókasafn Hafnarfjarðar

Jólin og þú

Bókasafn Hafnarfjarðar

Takk fyrir að fylgjast með ævintýrum Lestrar-lemúrsins!

Verið ávallt velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hafnarfjarðar